

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

44. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 19. sept. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti óskar eftir því að liður 4. færist upp sem fyrsti liður á dagskrá. Aðrir liðir breytast sem því nemur.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 17. fundar skipulags og byggingarnefndar frá 7. sept.
2. Íbúáþing í Súðavíkurhreppi.
3. Beiðni um umsögn um umsókn Kubbs ehf. um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni í Álftafirði við Ísafjarðardjúp.
4. Heildarlausn á sorphirðumálum landabyggðarinnar – Jóhann Birkir Helgason kynnir erindi.
5. Umsókn frá Vegargerðinni um geymslusvæði klæðningarefnishauga í Hestfirði.
6. Aðalfundur Hvetjanda hf.
7. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta 2017 – 2018.
8. Fjórðungsping Vestfjarða í Reykjanesi 29. – 30. sept. 2017
9. Fjármálaráðstefna Sambands Ísl. Sveitarfélaga 5. og 6. okt.
10. Húsnæðisþing ÍLS 2017
11. Efnisnám kalkþörungasetts í Ísafjarðardjúpi – beiðni um umsögn.
12. Borgarafundur á Ísafirði 24. sept.
13. Hafnarfundur 2017.
14. Fundargerð Sambands ísl. Sveitarfélaga nr. 852.
15. Fundargerð stjórnar Hafnarsambandsins.
16. Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða nr. 133.

### Afgreiðsla.

1. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. Sveitarstjóri kynnir hugmynd um íbúáþing sem færi fram dagana 18. og 19. nóvember í Súðavík undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur.

Ákveðið að halda íbúáþing þessa daga og sveitarstjóra falið að vinna að málinu. Samþykkt samhljóða.

3. Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum sínum af fyrirhuguðu efnisnámi af hafsbotni í Álftafirði. Meiningar eru um að slíkt efnisnám sé farið að hafa áhrif á land í botni Álftafjarðar, svo sem Hattareyrina.

Sveitarstjórn vísar erindinu til umhverfis og samgöngunefndar. Óskað verður eftir álitum landeigenda sem eiga hagsmuni af málinu.

4. Jóhann Birkir Helgason kemur til fundarins og kynnir verkefnið. Um er að ræða heildarlausn á förgun sorps á landsbyggðinni með hátækni sorpbrennslustöð.

Í dag er bróðurpartur alls sorps á Íslandi urðað. Umrædd sorpbrennsla gæti framleitt allt að 10 mw af raforku og keyrt hitaveitu fyrir sveitarfélögin við Djúp.

Fyrirmyndir af slíkri sorpbrennslu má finna í borgum eins og Kaupmannahöfn og Osló.

Ljóst er að verkefnið er gríðarstórt á vestfirska vísu og heildarfjárfesting áætluð í kringum 10 milljarðar. Á móti kemur að sorpmál eru eitt mikilvægasta verkefni sem sveitarfélög hafa undir sinni ábyrgð, og vel færi á því að fjórðungur sem er fararbroddi umhverfismála sveitarfélaga, myndi bjóða fram umhverfisvæna framtíðarlausn á sorpmálum íslenskra sveitarfélaga.

Skynsamlegt væri að stofna til þróunarfélags í kringum verkefnið, þar sem allir tengdir aðilar á Vestfjörðum yrði boðið að vera með.

Ástæða er til að skoða málið frekar af hálfu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að málinu og gera grein fyrir með skýrslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

5. Kristinn Lyngmo, frá Vegagerðinni, kemur til fundarins í síma. Lýsir beiðni Vegagerðarinnar. Um er að ræða efni frá Vegagerðinni sem hún hyggst geyma í botni Hestfjarðar til þriggja ára á meðan framkvæmdum standur.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir erindi Vegagerðarinnar.

6. Sveitarstjóri verður fulltrúi Súðavíkurhrepps á aðalfundi Hvetjanda.
7. Vísað til atvinnunefndar Súðavíkurhrepps.
8. Lagt fram. Súðavíkurhreppur býður sveitarfélög fjórðungsins velkomin til þings í Súðavíkurhreppi 29. og 30. sept.
9. Sveitarstjóri og oddviti munu sækja fjármálaráðstefnu Sambans íslenskra sveitarfélaga 5. og 6. okt.
10. Sveitarstjóri mun sækja húsnæðisþing ÍLS.
11. Áætlað er að halda íbúafund þar sem umhverfismatið verður kynnt íbúum. Fundurinn verður 4. október í Samkomuhúsi Súðavíkur.

Einnig er áætlað að kynna skýrslu um hagræn og samfélagsleg áhrif verkefnissins, unnin af KPMG, á samfélag í Súðavíkurhreppi, og einnig við Ísafjarðardjúp.

Vísað til umhverfis og samgöngunefndar, skipulags og byggingarnefndar og atvinnumálanefndar.

12. Borgarfundur um helstu uppbyggingarmálefni Vestfjarða verður haldinn 24. sept. í íþróttahúsinu á Torfnesi, Ísafirði. Ráðgert er að ráðherrar og þingmenn sæki fundinn. Fundurinn er haldinn af FV af undirlagi sveitarfélaga á Vestfjörðum.
13. Lagt fram.
14. Lagt fram.
15. Lagt fram.
16. Lagt fram.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 16:15**

**Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti**

**Valgeir Scott**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Halldóra Pétursdóttir**

**Pétur G. Markan, sveitarstjóri**

